

# STARFSLEYFI

UST202204-225

## Terra Umhverfispjónusta hf.

Berghellu 1, 221 Hafnarfirði

Kt.: 410283-0349

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Terra Umhverfispjónustu hf., kt. 410283-0349, Berghellu 1, Hafnarfirði. Terra Umhverfispjónusta hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri starfseminnar getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi og uppfylli ákvæði starfsleyfis þessa.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að [12.100 tonn]¹ af spilliefnum, raftækjum og öðrum úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. til flokkunar, pökkunar, annars frágangs og geymslu. Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að taka á móti eru eftirfarandi:

- [1.800 tonn]² af rafgeymum og rafhlöðum.
- [1.600 tonn]³ af olíu- og leysiefnum.
- [200 tonn]⁴ af sóttmengudum úrgangi.
- [1.200 tonn]⁵ af öðrum spilliefnum en flokkarnir hér að ofan.
- [1.300 tonn]⁶ af urðanlegum úrgangi.
- [3.000 tonn]⁷ af endurvinnsluefni.
- [3.000 tonn]⁸ af raftækjum.

¹ Breyting 2024, hér stóð áður „7.900 tonnum“

² Breyting 2024, hér stóð áður „1.300 tonn“

³ Breyting 2024, hér stóð áður „1.050 tonn“

⁴ Breyting 2024, hér stóð áður „100 tonn“

⁵ Breyting 2024, hér stóð áður „500 tonn“

⁶ Breyting 2024, hér stóð áður „550 tonn“

⁷ Breyting 2024, hér stóð áður „1.500 tonn“

⁸ Breyting 2024, hér stóð áður „2.900 tonn“

Heimilt er að taka á móti úr sér gengnum ökutækjum til úrvinnslu, þó ekki meira en sem nemur 1.500 tonnum á ári og þarf magnið að rúmast innan þeirra [12.100 tonna]<sup>9</sup> sem starfseminni er heimilt að taka á móti á ári.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð.

Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð. Hlutleysing efna er heimil. Hlutleysingu ber að staðfesta með mælingu á ph-gildi og skal það vera sem næst 7.0 (svigrúm +/-2,0). Eiming efna er heimil að uppfylltum skilyrðum í gr. 3.11.

[...]¹⁰

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir [600 tonn]<sup>11</sup> hverju sinni.

### 1.3 Eftirlit<sup>12</sup>

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

### 1.4 Breytingar á rekstri<sup>13</sup>

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr.

---

<sup>9</sup> Breyting 2024, hér stóð áður „7.900 tonna“

<sup>10</sup> Breyting 2024, hér stóð áður „Heimilt er að rúmmálsminnkun á kælitækjum fari fram í annarri byggingu að Berghellu 1 en þeirri sem tilheyrir rekstraraðila, að því tilskyldu að áður hafi kælimiðill og kælipressur verið fjarlægð og að fullnægjandi loftsogskerfi með tilskyldum síubúnaði sé notað á meðan rúmmálsminnkun fer fram. Fyrir liggur samkomulag milli Gámaþjónustunnar hf. og Efnamóttökunnar hf um samnýtingu pressubúnaðar og samþykki Gámaþjónustunnar um að eftirlitsaðili með Efnamóttökunni hafi aðgang að starfssvæðinu til að hafa eftirlit með rúmmálsminnkuninni.“

<sup>11</sup> Breyting 2024, hér stóð áður „300 tonn“

<sup>12</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

<sup>13</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um mat á umhverfisáhrifum, ef við á.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá tækjum, útbúnaði, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og efnum. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis<sup>14</sup>

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breyting verður á skipulagi.
- Ef niðurstöður vöktunar vatnshlota sem geta orðið undir áhrifum starfseminnar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála náist ekki.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað. Rekstraraðili skal sé þess óskað af Umhverfisstofnun að leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

<sup>14</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði<sup>15</sup>

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og XII. kafla laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings<sup>16</sup>

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og upplýsingu um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð<sup>17</sup>

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

# 2 STARFSHÆTTIR

## 2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemi hans veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2015.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ólykt eða hávaða.

<sup>15</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

<sup>16</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

<sup>17</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og skal það afgirt með 2 metra hárrí, mannheldri girðingu. Inngangar skulu lokaðir nema þegar starfsemi fer fram. Við athafnasvæðið skulu vera skilti sem vara óviðkomandi við hættu og upplýsa um að aðgangur sé bannaður. Sá hluti athafnasvæðisins þar sem spilliefni eru geymd utandyra skal vaktaður allan sólarhringinn með öryggismyndavélum. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingum. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu og öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

## 2.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið eða tengiliðsupplýsingum.

## 2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 334/2013, um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Við útgáfu starfsleyfisins liggur fyrir að rekstraraðili rekur umhverfisstjórnunarkerfið EN ISO 14001-2004 og [gæðastjórnunarkerfið ISO 9001-2015. Bæði kerfi voru vottuð síðast 21. júní 2021]<sup>18</sup>.

## 2.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

## 2.5 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.4.

---

<sup>18</sup> Breyting 2024, hér stóð áður „fékk það vottað í janúar 2015“

## 2.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 2.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. grein 2.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

## 2.8 Breytingar á mælingum<sup>19</sup>

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á. Rekstraraðila yrði gert viðvart og gefin kostur á að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun yrði tekin.

## 2.9 Verkstjórn

Starfsemi í starfstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og ákvæðum þessa starfsleyfis. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum skulu ávallt tiltæk í starfstöð.

Rekstraraðili skal útbúa verklýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:

- Meðhöndlun allra tegunda spilliefna sem berast, s.s. móttöku þeirra, vinnsluáðferðir og geymslu.
- Móttöku og meðhöndlun sprengifimra efna, skotfæra og neyðarblysa.
- Umgengni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og umbúðum.
- Reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði.
- Viðbrögð við óhöppum.
- Þjálfun nýrra starfsmanna.

Verklýsingarnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2015. Þær skulu kynntar starfsmönnum, vera ávallt tiltækar í starfstöð og aðgengilegar eftirlitsaðila.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöð. [...] <sup>20</sup>

<sup>19</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

<sup>20</sup> Breyting 2024, hér stóð áður: „Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.“

## 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

### 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

### 3.2 Frárennsli<sup>21</sup>

Fráveita frá húsum og plönnum þar sem spilliefni eru meðhöndluð eða geymd skal vera lokuð. Öll spilliefni sem kunna að fara niður skal fanga í söfnunarþrær þannig að hægt sé að endurheimta þau. Ef grunur er um að spilliefni hafi borist í söfnunarþró, skulu gerðar sérstakar efnamælingar á innihaldi þróarinnar fyrir losun. Frárennslisvatni sem stenst ekki kröfur sbr. gr. 4.3 eða inniheldur önnur spilliefni eða hættuleg forgangsefni, skal ekki fargað nema að höfðu samráði við eftirlitsaðila.

### 3.3 Söfnunarþrær og sand- og olúskilja<sup>22</sup>

Ávallt skal vera lokað fyrir frárennsli úr söfnunarþró og skulu frárennsliskranar vera læstir eða þannig útbúnir að óviðkomandi geti ekki opnað fyrir frárennslið. Ávallt skal vera laust a.m.k. 6 m<sup>3</sup> rými í þeirri þró sem þjónar jafnframt sem öryggisþró fyrir tanka undir olíuúrgang og lífræn leysiefni. Söfnunarþrær og sand- og olúskilju skal vakta og viðhalda skv. verklýsingu (gr. 2.9) og tæma eftir þörfum. Halda skal skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar. Skrá skal vökvamagn í söfnunarþró fyrir tæmingu. Sé tryggt að spilliefni hafi ekki borist í söfnunarþró frá síðustu tæmingu má leiða innihald hennar ómeðhöndlað í fráveitukerfi. Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþróna skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldi hennar áður en hún er tæmd. Ef ekki er ljóst hvaða spilliefni hafa mögulega borist í þróna skal greina alla mælipætti í samræmi við mælingaáætlun í gr. 4.2. Frárennslisvatn sem ekki stenst losunarmörk í gr. 4.3, eða inniheldur önnur spilliefni eða hættuleg forgangsefni, er óheimilt að leiða ómeðhöndlað í fráveitukerfi, heldur skal því fargað í samráði við eftirlitsaðila.

Styðjast skal við gildandi staðla um olúskiljur varðandi stærð, frágang, eftirlit og viðhald. Við úttak olúskilju skal vera búnaður svo hægt sé að loka fyrir frárennslið ef óhapp verður og spilliefni fara í niðurföll. Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni þar sem það kemur úr olúskilju.

### 3.4 Hreinsibúnaður

Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum, skulu vera til reiðu í móttökustöðinni.

### 3.5 Frágangur íláta

Öll ílát sem notuð eru við geymslu á spilliefnum skulu viðurkennd og merkt á viðeigandi hátt. Um spilliefni sem búið er að flokka skal að lágmarki koma fram tegund spilliefnis, hættulegir eiginleikar og magn, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Að því leyti sem við á skal frágangur íláta vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi. Ekki

<sup>21</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

<sup>22</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.



skal nota stærri ílát undir fljótandi spilliefni en  $6 \text{ m}^3$ , þ.e. sem samsvarar því rými sem laust skal vera í söfnunarþró, sbr. gr. 3.3.

Óheimilt er að geyma rokgjörn spilliefni í opnum ílátum. Rekstraraðili skal lágmarka útstreymi rokgjarnra spilliefna eins og mögulegt er og skal miða við að dreifð losun fari ekki yfir 5% af meðhöndluðu magni.

Við geymslu spilliefna skulu ílát staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski, t.d. frá ökutækjum. Hafa skal reglulegt eftirlit með öllum ílátum.

Um ílát undir sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum fer samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

### 3.6 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að halda niðri hávaða frá starfseminni og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)<sub>L<sub>Aeq</sub></sub> á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)<sub>L<sub>Aeq</sub></sub> í íbúðabyggð.

### 3.7 Neyðartilvik - yfirvofandi hættu

Í neyðartilvikum hefur rekstraraðili heimild til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að afstýra hættu, enda þótt þær ráðstafanir séu ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis þessa, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

### 3.8 Meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs

Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hættu á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Þau skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau berist ekki í frárennslis eða geti á annan hátt valdið skaða. Þess skal gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum og þá einkum þeim sem kunna að leysast upp í vatni og hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis.

Einstökum tegundum spilliefna skal haldið aðgreindum og skulu þau geymd í ílátum sem henta hverju efni.

Smitandi úrgangur skal meðhöndlaður á viðunandi hátt, sbr. 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, og skal þess sérstaklega gætt að hann blandist ekki öðrum úrgangi og valdi ekki smiti. Einkum skal gæta ýtrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum. Slíkur úrgangur sem berst skal þegar hafa verið flokkaður á upprunastað, honum pakkað þar og hann sérstaklega merktur, sbr. viðauka við reglugerð nr. 803/2023. Úrganginn skal geyma í loftræstu og læstu rými þar til hann er fluttur til förgunar. Jafnframt skal geyma líkamshluta og vefi í kæli eða frysti, skv. I. viðauka reglugerðar nr. 803/2023. Tryggja skal að úrganginum verði fargað á viðurkenndan hátt.

Sprengifim efni, skotfæri og neyðarblys er einungis heimilt að geyma í sérstökum sprengiefnakössum eða -gámum sem viðurkenndir eru til geymslu slíkra efna. Þeir skulu tryggilega læstir. Við geymslu sprengifimra efna skal gæta þess að reglum um aðskilnað slíkra efna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, skv. reglugerð nr. 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.

Spilliefni skulu send til endurnýtingar eða förgunar við fyrsta hentuga tækifæri.



Meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs skal fara eftir 9. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Geymsla og úrvinnsla raf- og rafeindatækjaúrgangs skal vera í samræmi við kröfur, sem settar eru fram í III. viðauka reglugerðarinnar.

### 3.9 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er. Þetta á þó ekki við um þau spilliefni sem um gilda sérstakar kröfur, t.d. PCB, halóna, kvikasilfur og asbest.

Dregið skal úr útflutningi spilliefna eins og kostur er með því að koma slíkum efnum til endurnýtingar eða förgunar innanlands.

### 3.10 Meðhöndlun úr sér genginna ökutækja

Hreinsun úr sér genginna ökutækja skal framkvæma eins fljótt og mögulegt er og vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Ef geyma þarf ökutæki til skamms tíma áður en þau eru hreinsuð skulu þau geymd á plani með bundnu yfirborðslagi og fráveitan leidd í sandfang og olíuskilju.

Við hreinsun skulu:

- Rafgeymar fjarlægðir.
- Íhlutir sem hugsanlega eru sprengifimur, t.d. öryggispúðar, fjarlægðir eða gerðir óvirkir.
- Eldsneyti, smurolía, gír- og drifolía, vökvakerfisolía, kælivökvi, ísvari, hemlavökvi, vökvi úr loftkælingum og allir aðrir vökvar sem fyrirfinnast í ökutækjum fjarlægðir, safnað sérstaklega saman og geymdir, nema þeir séu nauðsynlegir vegna endurnotkunar viðkomandi hluta.
- Allir íhlutir sem vitað er að innihalda kvikasilfur fjarlægðir eftir því sem unnt er.
- Allir íhlutir sem innihalda blý, kadmíum eða sexgilt króm og eru merktir sem slíkir fjarlægðir áður en frekari úrvinnsla fer fram.

Lokanleg, lekaheld spilliefnakör skulu vera til staðar til geymslu á rafgeymum, óháð því hvort raflausnin er gerð hlutlaus á staðnum eða ekki, olíusíum og þéttum sem innihalda PCB/PCT-efni. Hentugir geymar skulu vera til staðar til aðgreindrar geymslu á vökvum frá úr sér gengnum ökutækjum; eldsneyti, smurolíu, gír- og drifolíu, vökvakerfisolíu, kælivökva, ísvara, hemlavökva, vökva úr loftkælingum og öllum öðrum vökvum sem fyrirfinnast í ökutækjum.

Úr sér gengin ökutæki skal geyma með hentugu fyrirkomulagi án þess að valda slyshættu og þannig að komist verði hjá því að íhlutir sem innihalda vökva, endurnýtanlegir íhlutir eða varahlutir skemmist og möguleikar til endurnýtingar minnki. Við geymslu skulu ökutækin aðskilin frá öðrum úrgangsflokkum til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, og skulu ekki staðsett nær skemmu en sem nemur 8 metrum.

### 3.11 Eiming efna

Heimilt er að endurvinnna spilliefni í vökvafasa með eimingu, þó ekki meira en 150 tonn á ári. Spilliefnin sem um ræðir eru terpentína, sellulósapynnir, etanol, olíumálning og önnur sambærileg leysiefni eða eimanlegar efnablöndur með leysiefnum í. Skal þess gætt að lofttegundir sem eru hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar valdi ekki óþægindum í nánasta umhverfi, hvorki innan húsnæðis né utandyra, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði. Rekstraraðili skal leitast við

að lágmarka útstreymi rokkgjarnra spilliefna, m.a. við umhellingu og dælingu efna og við losun eimingarleifa úr eimingartækjum. Óheimilt er að opna eimingarpott eftir eimingu fyrr en þrýstingur í honum hefur náð u.þ.b. einni loftþyngd og hitastig hans er komið undir 60°C. Við geymslu skal komið í veg fyrir að eimingarleifar geti valdið útstreymi rokkgjarnra spilliefna eða óþægindum í nánasta umhverfi.

## 4 INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um spilliefni og raf- og rafeindatækjaúrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 5.1.
2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5. og 2.6.
3. Rekstur frárennsliskerfis, s.s. eftirlit, viðhald, dagsetningar tæminga, vökvamagn fyrir tæmingar og niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 3.3 og 4.2.

### 4.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á frárennslisvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá starfsemi kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem eftirlitsaðili samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Samsetning frárennslisvatns	Innihald söfnunarþróa	Hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), olía/fita, BTEX, lífræn halógensambönd (AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), mólýbden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn)	Fyrir hverja tæmingu (ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró)
Samsetning frárennslisvatns	Úttak olíuskilju	Rennsli, hitastig, leiðni, pH, heildarmagn svifagna, heildarmagn uppleystra efna (TDS), olía/fita, BTEX, lífræn halógensambönd	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.

		(AOX), járn (Fe), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkel (Ni), mólýbden (Mo), antimón (Sb), tin (Sn), [selen (Se), títan (Ti), baríum (Ba), beryllíum (Be), bór (B), úran (U), vanadíum (V), kóbalt (Co), þallíum (Tl), tellúr (Te), silfur (Ag)] <sup>23</sup>	
--	--	---	--

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

### 4.3 Losunarmörk

Mörk sem frárennslisvatn þarf að uppfylla fyrir losun í fráveitukerfi:

Mæliþáttur	Styrkur (mg/l)
Svifagnir	70
Kvikasilfur	0,05
Kadmíum	0,1
Blý	0,2
Nikkel	0,5
Kopar	0,5
Króm	0,5
Sink	1,0
Arsen	0,15
Olía	15
pH	2,0-11,0

### 4.4 Umhverfisupplýsingar<sup>24</sup>

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti, sbr. gr. 4.2. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

<sup>23</sup> Breyting 2024, listi uppfærður í samræmi við lista II í viðauka við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

<sup>24</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

## 5 MÓTTAKA ÚRGANGS

### 5.1 Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal tegundir spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Jafnframt skal skrá magn, eðli, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyritæki ef við á, vinnsluaðferðir og ráðstöfun úrgangsins, sbr. 56. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Allar færslur er varða spilliefni skulu varðveittar í a.m.k. 5 ár.

Sérstaklega skal skrá magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og íhluta hans, í samræmi við flokkun í I. viðauka A við reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang, og það hvernig honum er ráðstafað. Halda skal skrá yfir gerð og magn spilliefna í þessum úrgangi og ráðstöfun þeirra. Skrárnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku spilliefna

## 6 GJALDSKYLDA<sup>25</sup>

Starfsemin fellur undir lið 9. a. í viðauka II. laga nr. 7/1998. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald fyrir starfsleyfið og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

## 7 GILDISTAKA<sup>26</sup>

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, öðlast þegar gildi og gildir til 24. apríl 2040.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

## 8 BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Umhverfisstofnun heimilar hærri losunarmörk fyrir sink fyrstu fimm ár starfsleyfisins, þar sem búast má við sink losun frá nýbyggingunni sem starfsemin verður í. Losunarmörk fyrir sink verða 2.0 mg/L til 9. september 2020 en 1.0 mg/L eftir það, sbr. gr. 4.3.

<sup>25</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

<sup>26</sup> Breyting 2024, ákvæðið var uppfært.

**Reykjavík, 24. apríl. 2024.**

**Umhverfisstofnun**

**Sigrún Ágústsdóttir**  
forstjóri

**Sverrir Aðalsteinn Jónsson**  
teymisstjóri

## VIÐAUKI

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## Fylgiskjal I

### Ákvörðun losunarmarka

- I. Losunarmörk í gr. 4.3 fyrir svifagnir eru ákveðin með hliðsjón af reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og tekið er tillit til eins þreps hreinsunar af hálfu sveitarfélagsins.
- II. Losunarmörk í gr. 4.3 fyrir blý, nikkell, kopar, króm og arsen eru ákveðin með hliðsjón af reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs og skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu aðgengilegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, August 2006).
- III. Önnur losunarmörk í gr. 4.3 en þau sem eru talin upp í lið i. og ii. eru ákveðin með hliðsjón af skýrslu framkvæmdastjórnar EB um bestu aðgengilegu tækni við mengunarvarnir við meðhöndlun úrgangs (Waste Treatment Industries, BAT Reference Document, August 2006).

## Fylgiskjal II

### Greinargerð vegna breytingar á starfsleyfi fyrir Terra Umhverfisþjónustu hf.

#### **1. Almenn**

Terra Umhverfisþjónusta sendi Umhverfisstofnun beðni um breytingu á starfsleyfi þannig að umfang starfseminnar yrðu aukið út 7.900 tonnum í 12.100 tonn af spilliefnum árleg. Eftir að niðurstaða lá fyrir um matskyldu vann Umhverfisstofnun breytinguna og uppfærði leyfið á sama tíma með tilliti til laga um stjórn vatnamála.

#### **2. Umsagnir/athugasemdir við breytingatillöguna**

Tillaga að breyttu starfsleyfi var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 8. janúar til og með 6. febrúar 2024 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um breytingu starfsleyfisins yrði tekin.

Engar athugasemdir eða umsagnir bárust á auglýsingatíma.

#### **3. Breytingar frá auglýstri tillögu**

Tillögunni var ekki breytt frá auglýsingu.

#### **4. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum**

Skipulagsstofnun sendi þann 21. október 2022 niðurstöðu um að umrædd breyting félli ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisstofnun er sammála þeirri niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

#### **5. Gildistaka**

Hið breytta starfsleyfi er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni. Það öðlast þegar gildi og gildir til 24.04.2040.